



Tillaga A 1943/UKK
Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreidd af Norrænu þekkingar- og menningarnefndinni

A 1943/UKK Þingmannatillaga um alþjóðlega jarðvanga

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að kanna hvernig auka má samstarf um umhverfisfræðslu og skapa öflugri norræn samstarfsnet innan ramma alþjóðlegra jarðvanga. Leggja þarf áherslu á að auka þekkingu barna og ungmenna á sjálfbærri þróun og virði náttúrunnar.

Bakgrunnur

Náttúrutengd ferðaþjónusta leiðir til aukins skilnings á virði náttúrunnar og sjálfbærri þróun fyrir nærsamfélagið, bæði út frá félagslegu og efnahagslegu sjónarhorni. Vinna þarf að því að fólk öðlist þennan skilning strax í æsku og því er ástæða til þess að auka samstarf milli skóla á Norðurlöndum um umhverfisfræðslu.

Jarðfræði er eitt af þeim sviðum sem nýtur vaxandi vinsælda innan náttúrutengdrar ferðaþjónustu og þar á meðal eru hinir svonefndu jarðvangar. Markmiðið með jarðvöngum er að miðla þekkingu um jarðfræði og jarðminjastaði með því að skýra tengslin milli jarðfræði, líffræði, mannsins og menningarsögunnar. Það gerist því að þróa efnahag svæðanna í kringum sjálfbæra jarðfræðilega ferðaþjónustu. Mikið af starfsemi jarðvanganna er beint til barna og ungmenna.

UNESCO-stofnun Sameinuðu þjóðanna útnefnir alþjóðlega jarðvanga og líkja má þeim við þjóðgarða og heimsminjar UNESCO, jafnvel þótt jarðvangar séu ekki náttúruverndarsvæði. Í dag eru 177 jarðvangar í 46 löndum. Svíþjóð fékk nýlega sinn fyrsta alþjóðlega viðurkennda jarðvang, en jarðvanga hefur verið að finna lengur á Íslandi og í Finnlandi, Noregi og Danmörku. Jarðvangarnir starfa innan alþjóðlegs samstarfsnets jarðvanga sem hefur það markmið að skapa tengsl milli jarðvanga vítt og breitt um heiminn.

Norðurlöndin hafa til mikils að vinna með því að auka samvinnu um umhverfisfræðslu og jarðvanga. Saman getum við sett norræn landsvæði okkar á heimskortið og komið fólki í meiri snertingu við umhverfið.



Stokkhólmi, 23. janúar 2023

Anna Vikström (S)
Annette Lind (S)
Camilla Gunell (ÅSD)
Doris J. Jensen (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Lindh (S)
Gunilla Carlsson (S)
Heidi Viljanen (sd)
Heléne Björklund (S)
Henrik Møller (S)
Johan Andersson (S)
Jorodd Asphjell (A)

Kim Berg (sd)
Lars Mejern Larsson (S)
Maria Durhuus (S)
Mats Wiking (S)
Mirja Räihä (sd)
Oddný G. Harðardóttir (Sf)
Per-Arne Håkansson (S)
Ragnhild Male Hartviksen (A)
Sara Emil Baaring (S)
Stein Erik Lauvås (A)
Tove Elise Madland (A)
Truls Vasvik (A)